



Aðalfundur Nýrnafélagsins
8. apríl 2025 boðaður kl. 18:00
Haldinn að Sigtúni 42
39. aðalfundur félagsins
Fundargerð

1. Setning fundarins

Helga J. Hallgrímsdóttir setti fundinn kl. 18:05

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Fundarstjóri var kosin Guðrún B. Tryggvadóttir framkvæmdastóri félagsins og ritari Helga Guðrún Loftsdóttir ritari félagsins

3. Lestur fundargerðar síðasta fundar

Helga Guðrún Loftsdóttir las fundargerð síðasta fundar. Lagfæra þarf ásláttarvillur í textanum.

4. Skýrsla stjórnar

Helga Jóhanna Hallgrímsdóttir las skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2024 - 2025

5. Ársreikningur félagsins skýrður og lagður fram til samþykktar

Gísli Steinn Pétursson lagði fram ársreikninga félagsins og voru þeir samþykktir

6. Ársreikningur styrktarsjóðsins skýrður og lagður fram til samþykktar

Gísli Steinn Pétursson lagði fram ársreikninga styrktarfélagsins og voru þeir samþykktir

7. Skýrslur starfshópa

Lítið hefur verið um hópastarf á vegum Nýrnafélagsins undanfarið ár. Ragnar Kristján Kristjánsson hefur ákveðið að endurvekja gönguhópin og koma á fimmtudögum í Grasagarðinn í Laugardal og njóta útivistar í dalnum. Byrja á 17. apríl kl. 17:30. Hittast á torginu og innganginn í Grasagarðinn og Húsdýragarðinn. Send verða út sms samdægurs til að minna fólk á göngurnar.

Annar hópur starfar í félaginu og heitir hann Tengslahópur. Í gegn um hann er veitt jafningjafræðsla eða stuðningur fyrir fólk í nýrnavél eða ígræðslu.

Slökunarhópur er starfræktur á vegum Gunnhildar Heiðu Axelsdóttur fjölskyldufræðings. Einn fundur var haldinn í vetur.

8. Lagabreytingar

Guðrún B. Tryggvadóttir kynnti þær lagabreytingar sem þarf að gera til að félagið verði áfram almannaheillafélag.

BREYTINGATILLAGA NÚMER 1.

GREIN 4-Aðalfundur, fastir liðir á aðalfundi skulu vera

Núverandi orðalag	Verður skv. tillögu:
Kosning skoðunarmanns til eins árs	Kosning skoðunarmanns og varamanns til eins árs

Greinargerð: Samkvæmt staðli fyrir almannaheillafélag á einnig að kjósa varamann skoðunarmanns
Samþykkt samhljóða.

BREYTINGATILLAGA NÚMER 2

Grein 4- Aðalfundur, kemur á eftir fastir liðir á aðalfundi.....

Núverandi orðalag	Verður skv. tillögu:
en jafnframt tilgreinir stjórn trúnaðarmann og einn til vara sem fer yfir ársreikning og leggur hann síðan fyrir aðalfund.	en jafnframt getur stjórn tilgreint trúnaðarmann til að yfirfara ársreikninginn. Stjórn leggur síðan ársreikninginn fyrir aðalfund til samþykktar.

Greinargerð: Þar sem skoðunarmaður og varamaður er kosinn á hverjum aðalfundi þá er rétt að hafa trúnaðarmann valkvæðan. Stjórn getur tilgreint trúnaðarmann ef að henni þykir það nauðsynlegt en það er ekki skylda.
Samþykkt samhljóða.

BREYTINGATILLAGA NÚMER 3

5. Grein - Stjórn

Núverandi orðalag	Verður skv. tillögu:
-------------------	----------------------

Ekkert	Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin skal í hvívetna gæta hagsmuna félagsins í störfum sínum.

Greinargerð: Nauðsynlegt er að taka fram hvert hlutverk stjórnar er Samþykkt samhljóða.

BREYTINGATILLAGA NÚMER 4

5. Grein – Stjórn félagsins

Núv. orðalag	Verður skv. tillögu:
Stjórnarmaður sem hefur setið í þrjú kjörtímabil getur boðið sig fram til formanns. Ef að stjórn telur nauðsynlegt að stjórnarmaður eða formaður haldi áfram í stjórn eftir 3 kjörtímabil má stjórnin leggja fram undanþágu fyrir eitt kjörtímabil í viðbót fyrir aðalfund. Aðalfundur verður að samþykkja það með $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða.	Stjórnarmaður sem hefur setið í þrjú kjörtímabil getur boðið sig fram til formanns. Einnig getur formaður sem setið hefur þrjú kjörtímabil boðið sig fram til stjórnar. Ef að stjórn telur.....

Greinargerð: eins og formaður getur boðið sig fram til stjórnar eftir þrjú kjörtímabil þá á stjórnarmaður að geta líka boðið sig fram til formanns eftir þrjú kjörtímabil
Samþykkt samhljóða.

9. Kosning stjórnar

María Dungal hefur setið í stjórn í sex ár. Í hennar stað hefur Guðlaug Halldórsdóttir boðið sig fram sem varamann. Samþykkt samhljóða

Nanna Baldursdóttir hefur beðist lausnar frá stjórnarsetu. Svanhvít Sigurðardóttir hefur gefið kost á sér í stjórn Nýrnafélagsins. Samþykkt samhljóða.

Formaður. Helga J. Hallgrímsdóttir hefur setið í 6 ár og er komið að því að ljúka setu. En hægt er að veit undanþágu frá ákvæðinu vegna sérstakra ástæðna. Að þessu sinni er það matreiðslubókin sem hún þarf að ljúka við. Fundurinn samþykkti samhljóða að veita undanþáguna.

Ný stjórn Nýrnafélagsins er þannig skipuð:

Formaður: Helga Jóhanna Hallgrímsdóttir, meðstjórnendur: Helga Guðrún Loftsdóttir, Gísli Steinn Pétursson, Svanhvít Sigurðardóttir, Sigríður Ragna Jónasdóttir, Arnar Már Frímannsson og Guðlaug Halldórsdóttir.

10. Kosning skoðurnarmanns til eins árs

Einar Rúnar Einarsson var kosinn með öllum greiddum atkvæðum

11. Ákvörðun um árgjald

Stjórnin ákvað að halda árgjöldum óbreyttum frá fyrra ári. Fundurinn samþykkir samhljóða.

12. Önnur mál

Helga J. Hallgrímsdóttir tók til máls og fór yfir stjórnina og þakkaði fólki fyrir starfið í stjórninni.

Einnig brýndi hún fólk að koma og hvetja hlauparana í maraþoninu.

Hildigunnur Friðjónsdóttir ræðir um sólarvörn og Elísabetu Reykdal sem ætlaði að skrifa grein um sólarvörnina. E.t.v. ættum við að fá að halda fræðslufund með Elísabetu. Hildigunnur hvetur alla til að nota sólarvörn.

Guðrún B. Tryggvadóttir les upp ályktun fundarins.

Fundurinn samþykkir samhljóða ályktunina sem hljóðaði svo:

Aðalfundur Nýrnafélagsins haldinn þann 8. apríl 2025 skorar á heilbrigðisyfirvöld að beita sér fyrir því að nýrnasjúklingar og nýraþegar hafi aðgang að endurhæfingu, bæði andlegri og líkamlegri meðan og á eftir að meðferð líkur.

Flestir sem veikjast af alvarlegum of langvinnum sjúkdómum eiga kost á endurhæfingu eins og er á Reykjalandi en nýrnasjúklingar hafa ekki átt völ á því hingað til.

Fundarslit

Helga J. Hallgrímsdóttir þakkaði fyrir góðan fund og sleit fundi kl. 19:39